

82. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um búfjárrækt nr. 21, 24 apríl 1965, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 74, 17. apríl 1950, um búfjárrækt.

Reglugerðin birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ákvæði 49. gr. um stofnun kynbótabús í svína- og alifuglarækt kemur ekki til framkvæmda, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að viðurkenna bú, sem nú starfa á vegum opinberra aðila eða eru í einkaeign, sem kynbótabú í svína- og alifuglarækt, er annaðhvort séu sameiginleg eða fyrir hvora grein um sig, og standi undir eftirliti og hlíti ráðum hlutaðeigandi ráðunautar félagsins. Hann skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands setja reglur um skilyrði fyrir viðurkenningu á slíkum búum, er m. a. kveði á um skýrsluhald, útungunarstarfsemi og heilbrigðiseftirlit. Bú, sem viðurkennd hafa verið sem kynbótabú í alifuglarækt, hafa rétt til að flytja inn útungunaregg til kynbóta, enda sé að öllu farið eftir ákvæðum 52. gr. um innflutninginn. Landbúnaðarráðherra staðfestir útnefningu kynbótabúa samkvæmt ákvæðum þessum og getur afturkallað hana, telji Búnaðarfélag Íslands, að búin fylgi ekki settum reglum.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

Gildir frá og með 1. jan. 1967.

1. KAFLI

Raforkusala.

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun:

1. Um kwst.mæli á 125 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:

A.1. Til lýsingar:

190 aurar á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal.
— Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.

B.1. Til heimilisnotkunar:

10 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C.1. Til véla:

35 krónur á mánuði fyrir hvert kw í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.

2. Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:

A.2. Til lýsingar og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

530 aurar fyrir hverja kwst.

B.2. Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum:

300 aurar fyrir hverja kwst.

C.2. Til véla í matvælaíðnaði:

88 aurar fyrir hverja kwst., enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegisð, á tíma mesta álags. — Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsðu málma.

3. Um mesta álagsmæli, þannig:

A.3. Til atvinnufyrirtækja með uppsettu rafvélaafli yfir 40 kw.

1500 krónur fyrir hvert kw. mesta álags á árinu og 35 aurar fyrir hverja kwst.

II. Hitanotkun:

Um kwst.mæli á:

E 1. 64,5 aura/kwst. án rofs.

E 2. 35 — — með allt að 1½ klst.rofi á sólarhring.

E 3. 32,5 — — — — — 2½ — — — —

E 4. 25,5 — — — — — 4½ — — — —

E 5. 18,5 — — — — — 14½ — — — —

Gjaldið breytist með útsöluverði á diselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið 167 aura á olíulítra.

Gjaldið standi jafnan á heilum og hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.

b. Að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

c. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði af honum skv. 2. kafla

d. Tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. ágúst 1967.

Ingólfur Jónsson.

Torfi Þórðarson.